

Varðeldur og leikir - vinnublað

Áhöld og tæki: Eldivið, eldfæri og fötu. Blað og blýant.

Eldiviður: um 6 lurka 10-15 cm breiða og 30-50 cm. langa, helling af greinum og smáspýtum, nokkur dagblöð og eina fötu af trjákurli (spæni) til að kveikja upp með.

Fötuna má síðan nota undir vatn til að slökkva eldinn í lokin. Nemendur koma sjálfir með eina spýtu til að bæta á eldinn.

- Fyrsti hópurinn kveikir upp eld í eldstæðinu, seinni hópar bæta á eldinn og halda honum lifandi en síðasti hópurinn slekkur eldinn og gengur frá.

Allir hjálpast að við að passa upp á að reglur um opinn eld séu virtar.


- Finnið að lágmarki einn leik og setjið í safnkassann.
- Njótið þess að sitja við eldinn og horfa á hvernig hann lifnar og læðist um og hlustið á snarkið.

Hvernig á að kveikja eld?

Hópurinn fer með efni og áhöld að eldstæði og hjálpast að við að útbúa lítinn bálköst.

Kennarinn fylgist með og aðstoðar eftir þörfum.

- Byrjið á að lagfæra eldstæðið og hreinsa burt sinu og annað rusl.
- Raðið upp tveim lurkum með góðu bili á milli og öðrum tveim ofan á eins og sést á mynd.
- Kuðlið nokkur dagblöð í kúlu og setjið í botninn ásamt spæni.
- Raðið greinum lóðrétt utanum dagblaðakúlurnar þannig að það myndi einkonar indíánatjald
- Setjið tvo lurka efst
- Kveikið í dagblöðunum vindmegin frá.
- Bætið svo á eldinn þegar hann er farinn að loga.



Slökkvið eldinn með því að hella vatni á hann og hræra í. Gætið þess að öll glóð sé dauð.